

Ed.

484. Frumvarp til laga

[217. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar.

Flm.: Jón Árnason.

1. gr.

Mörk lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar skulu vera: Að norðan: landamörk jarðanna Innstavogs og Óss um Blautós og síðan Berjadalsá frá sjó og yfir fyrir land jarðarinnar Garða. Að austan: landamörk jarðarinnar Garða frá Berjadalsá eftir Lönguásum í Tannaberg og þaðan í sjó við Leyni.

2. gr.

Akraneskaupstaður tekur að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Innri-Akraneshreppi, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á landi því, er samkvæmt lögum þessum fellur undir lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar.

3. gr.

Bætur fyrir tekjurýrnun Innri-Akraneshrepps, er leiðir af lögum þessum, skulu ákveðnar af gerðardómi, skipuðum þremur mönnum. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðili eða báðir að tilnefna mann í dóminn, skal hæstiréttur tilnefna, svo að dómurinn verði fullskipaður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni bæjarstjórnar Akraness. Er talið óhjákvæmilegt að stækka lögsagnarumdæmið, svo sem hér greinir.

Mestur hluti þess landssvæðis, sem hér er um að ræða, er landareign Garða, en jörð sú hefur um langan tíma verið í eigu Akraneskaupstaðar. Árið 1939 gerðu hreppsnefndir Innri- og Ytri-Akraneshrepps með sér sérstakan samning, þar sem kveðið var á um það, að mestur hluti Garða skyldi tilheyra Ytri-Akraneshreppi, á sama hátt og um eitt og sama lögsagnarumdæmi væri að ræða.

Þá má á það benda, að jörðin Kalmansvík, sem liggur næst bæjarmörkum kaupstaðarins að norðan, er eign Akraneskaupstaðar, og er nú ráðgert að taka land jarðarinnar til skipulagningar og hefja þar byggingarframkvæmdir í næstu framtíð.

Að sjálfsögðu ber að bæta Innri-Akraneshreppi þá tekjurýrnun, sem leiðir af lögum þessum. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skulu bæturnar ákveðnar af gerðardómi, skipuðum þremur mönnum.